

**Sp.**

**389. Fyrirspurnir.**

[205. mál]

I. Til fjármálaráðherra um opinberar nefndir, sem hafa verið lagðar niður.

Frá Pétri Sigurðssyni.

1. Hvaða nefndir hafa verið lagðar niður í tíð núverandi ríkisstjórnar?
2. Hver var kostnaðurinn við nefndir þessar árin 1971 og 1972?
3. Hve stór hluti þessa kostnaðar var launakostnaður nefndarmanna?
4. Var eitthvað af þessum nefndarstörfum ólaunað?

II. Til fjármálaráðherra um skipun opinberra nefnda í tíð núverandi ríkisstjórnar.

Frá Pétri Sigurðssyni.

1. Hve margar nefndir hefur ríkisstjórnin skipað á árunum 1971 og 1972?
2. Hver var kostnaðurinn við þær nefndir, sem skipaðar voru 1971?
3. Hver var kostnaðurinn við þær nefndir, sem skipaðar voru 1972, og hve margar eru þær?
4. Eru einhverjar af nefndum þessum ólaunaðar?

III. Til viðskiptaráðherra um framleiðslulán til íslenzks iðnaðar.

Frá Steingrími Hermannssyni.

1. Hvað líður veitingu framleiðslulána til íslenzks iðnaðar, sbr. lög um veðtryggingu iðnrekstrarlána frá 13. maí 1972:
  - a. Í fyrsta lagi iðnaðar, sem framleiðir til útflutnings?
  - b. Í öðru lagi iðnaðar, sem framleiðir fyrir innlendan markað?
2. Hvað veldur þeirri tregðu, sem virðist vera á framleiðslulánum til iðnaðar, sem framleiðir fyrir innlendan markað?
3. Hyggst ríkisstjórnin beita sér fyrir auknum framleiðslulánum til iðnaðar, sem framleiðir fyrir innlendan markað?

IV. Til samgönguráðherra um radióstaðsetningartæki skipa.

Frá Pétri Sigurðssyni.

1. Hvað líður framkvæmd þingsályktunar um athugun á radióstaðsetningarkerfum fyrir siglingar með sérstöku tilliti til fiskveiða, sem samþykkt var í sam-einðu Alþingi 18. apríl 1967?
2. Hefur nokkur ákvörðun verið tekin um að setja slíkt kerfi upp hér á landi, annað en LORAN-kerfið?